

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Skjal 2 með lokatillögu að nýju svæðisskipulagi

Samþykkt 27. febrúar 2015

Svör við umsögn Skipulagsstofnunar við auglýsta tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Tilfni umfjöllunar

Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 rýndi Skipulagsstofnun svæðisskipulagstillöguna áður en hún var auglýst. Umsögn Skipulagsstofnunar barst 12. desember 2014 og í henni fólst að ekki var gerð athugasemd við að svæðisskipulagsnefnd auglýsti tillöguna ásamt umsögn stofnunarinnar. Skipulagsstofnun gerði engu að síður athugasemdir við að skýra þyrfti tiltekna skipulagsþætti áður en svæðisskipulagstillagan hlyti endanlega afgreiðslu.

Svæðisskipulagsnefnd kom saman til fundar þann 6. febrúar. Á þeim fundi fól nefndin fagráði sínu að móta tillögur að svari við umsögn Skipulagsstofnunar. Fagråd koma saman á fundum þann 12. og 19. febrúar sl. Á þeim fundum lágu til grundvallar, auk umsagnar Skipulagsstofnunar:

- Ódagssettir minnisþættir svæðisskipulagsstjóra sem innihéldu fyrstu tillögur að svörum við umsögn Skipulagsstofnunar sem mótast höfðu á tveimur fundum með fulltrúum Skipulagsstofnunar.
- Drög að minnisblaði Alta dags. 16. febrúar með tillögum að breytingum á skýringartexta með þemakortum, skýringarmyndum og töflum.
- Drög að samkomulagi við Vegagerðina ásamt fylgigögnum.

Á fundi svæðisskipulagsnefndar þann 27. febrúar var farið yfir tillögur fagráðs að svörum við umsögn Skipulagsstofnunar. Á fundinum var einnig forstjóri Skipulagsstofnunar. Í kjölfar umfjöllunar samþykkti svæðisskipulagsnefnd að gera svör fagráðs að sínum.

Svör fagráðs.

Svör fagráðs mótast af ofangreindu og miða að því að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar eða rökstyðja af hverju þess gerist ekki þörf.

Svörin eru sett fram í sömu röð og athugasemdir í umsögn Skipulagsstofnunar. Fyrst er sett fram inntakið í athugasemd Skipulagsstofnunar um hvern skipulagsþátt. Í framhaldinu kemur svar sem er skáletraðar til aðgreiningar.

Byggðapróun

a.) Uppbyggingarhraði og dreifing uppbyggingar

Skipulagsstofnun lítur svo á að þróunaráætlun fyrir tímabilið 2015-2018 verði að liggja fyrir áður en svæðisskipulagið er endanlega afgreitt til gildistöku.

Svar:

Svæðisskipulagsnefnd er sammála Skipulagsstofnun og verður tillaga að fyrsta áfanga þróunaráætlun 2015-2018 lögð fyrir sveitarfélögin til samþykktar samhliða endanlegri svæðisskipulagstillögu.

b.) Vaxtarmörk byggðar

Skipulagsstofnun bendir á að yfirfara þurfi skörun vaxtarmarka og öryggissvæðis vatnsverndar við Vatnsendahlíð og að ef halda á henni óbreyttri þurfi að rökstyðja hvernig uppbygging og vatnsvernd fari saman.

Svar:

Öryggissvæði vatnsverndar felur ekki í sér bann við skipulagi og uppbyggingu byggðar. Öryggissvæðin eru utan aðrennslissvæða vatnsbólanna en öryggissvæðin koma til vegna mögulegrar mengunarhættu í nálægum vatnsbólum vegna efnaflutninga með grunnvatni eða flutnings mengunar með yfirborðsvatni inn á áhrifasvæði vatnsbóls. Öryggissvæði getur annars vegar verið vegna grunnvatns og hins vegar vegna yfirborðs. Svæðið í Vatnsendahlíð er öryggissvæði vegna grunnvatns.

Samkvæmt fylgiriti 2 um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu skal skipulag byggðar, framkvæmdir og starfsemi innan öryggissvæða falla að forsendum vatnsverndar. Starfsemi sem getur haft mengun í för með sér er t.a.m. óheimil. Sjá nánari skilmála í fylgiriti 2, tillögu um samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla, greinar 57 til 68. Öryggissvæðin eru sambærileg við fjarsvæði B í núverandi skipulagi vatnsverndar en byggðin í Vatnsendahlíð, í Norðlingaholti og skipulagt athafnasvæði á Hólmsheiði er innan fjarsvæðis B í dag.

*Til áréttingar verður settur inn texti um nýjan vatnsverndarflokk (öryggissvæði) í umfjöllun um markmið 2.4 og byrjun skýringartexta við kortið breytt: „**Afmörkun vatnsverndar er bindandi sbr. samþykkt um vatnsvernd dags. xxxx. Nákvæm mörk eru í kortagrunni svæðisskipulagsins. Skilgreiningar og skilmálar fyrir landnotkun á vatnsverndarsvæðum má sjá í samþykkt sveitarfélaganna um verndarsvæði vatnsbóla og er stefna svæðisskipulagsins í samræmi við þá samþykkt.**“*

Skipulagsstofnun telur að skýra þurfi hvort svæði eins og Geldinganes teljast verða möguleg byggingarsvæði innan vaxtarmarka.

Svar:

Öll svæði innan vaxtarmarka eru möguleg byggðarsvæði svo framarlega sem aðrar takmarkanir komi ekki í veg fyrir það. Þau verða afmörkuð í aðalskipulagi hvers sveitarfélags fyrir sig. Þannig verður t.d. ákveðið í aðalskipulagi Reykjavíkur hvort byggð verður í Geldingarnesi en stefna

svæðisskipulagstillögunnar er að beina nýrri byggð einkum í miðkjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði, sbr. markmið 1.2.

Skipulagsstofnun telur æskilegt að í umfjöllun um vaxtarmörk í markmiði 1.1 sé greint frá takmörkun á landnotkun innan vaxtarmarka, sbr. skýringar með þemakorti 11.

Svar:

Gerð verður ítarlegri grein fyrir landnotkun innan vaxtarmarka undir markmiði 1.1 með texta um samspil vaxtarmarka við takmarkandi landnotkun líkt og fram kemur í skýringum við kort 11.

c.) Viðmið um íbúðafjölda

Skipulagsstofnun bendir á að yfirfara þurfi tölur í töflu 1 fyrir miðborgina (landskjarna) þar sem þær séu lægri en fyrir sama svæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Svar:

Farið verður yfir tölur í töflu 1 sem snúa að landskjarnanum. Skýringar við töflu 1 verða endurritaðar þannig að skýrt komi fram að tölur í töflunni eru leiðbeinandi viðmið og sveitarfélög geti vikið frá þeim, t.d. með því að fjölga íbúðum í miðkjörnum og/eða á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum á kostnað annarra svæða. Leitast verði við að ná því að minnst 66% íbúða á höfuðborgarsvæðinu verði í kjörnum og samgöngumiðuðum þróunarsvæðum árið 2040.

Samgöngur og vegakerfi

Vegakerfi

a) Stofnvegir

Skipulagsstofnun gerir athugasemd við að veigamiklum ákvörðunum um stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins sé frestað. Á hverjum tíma þurfi að liggja fyrir skipulagsákvörðun um stofnvegakerfið og að í svæðisskipulaginu þurfi að koma fram hvað gildir í þessu efni þar til ákvörðun um breytingu/endurskoðun svæðisskipulagsins varðandi flokkun og skilgreiningu stofnvega liggur fyrir (sbr. aðgerð 2.4.1). Ef ekki liggja aðrar ákvarðanir fyrir á þessu stigi, mælir Skipulagsstofnun með að það verði gert með því að sýna á uppdrætti flokkun stofnvega á höfuðborgarsvæðinu eins og þeir eru skilgreindir í gildandi svæðisskipulagi. Jafnframt þurfi að koma skýrt fram hvaða ákvörðun um framtíðarstofnvegakerfi sem fjallað er um í aðgerð 2.4.1 felst í breytingu eða endurskoðun svæðisskipulagsins.

Svar:

Ekki er tekið undir með tillögu Skipulagsstofnunar um að sýna á uppdrætti flokkun stofnvegakerfisins eins og hún er í gildandi svæðisskipulagi. Lagt er til annarskonar nálgun þar sem meginstofnvegum, eins og þeim er lýst í texta markmiðs 2.4 eru dregnir skýrar fram á korti.

Unnið hefur verið að samkomulagi um samstarf milli SSH og Vegagerðarinnar. Í samkomulaginu fellst m.a. að SSH og Vegagerðin munu sameiginlega vinna að þeim verkefnum sem tilgreind eru í fylgiskjali 6 – Næstu skref í samgönguverkefnum.

Gerðar eru breytingar á korti 4 sem sýnir stofnvegi sem eru í grunneti samgangna skv. samgönguáætlun. Kortið mun sýna skiptingu stofnvega í meginstofnvegi og stofngötur. Einnig eru gerðar orðalagsbreytingar undir markmiði 2.4.

Með þessum breytingum er orðið skýrt að í svæðisskipulagstillögunni liggur fyrir skipulagsákvörðun um stofnvegakerfi. Þegar horft er til töflu 3 kemur fram að ekkert sveitarfélag getur breytt því skipulagi sem nú er á skilgreindu stofnvegakerfinu nema að það fari í gegnum ákvörðun svæðisskipulagsnefndar fyrst.

b) Samgöngu- og þróunarás/Borgarlína

Skipulagsstofnun bendir á að þar sem ákvarðanir um umfang og legu kjarna og samgöngu- og þróunarás hafa ekki verið teknar í svæðisskipulaginu við staðfestingu þess sé óljóst að hve miklu leyti sveitarfélögin geta hafið innleiðingu stefnu svæðisskipulagsins og stýrt uppbyggingu með samræmdum hætti á fyrirhugaðan samgöngu- og þróunarás.

Svar:

Staðsetning og stigskipting landskjarna, svæðiskjarna og bæjarkjarna, eins og henni er lýst í töflu 2 (sbr. einnig kort 11) er bindandi en afmörkun og nánari útfærsla á umfangi þeirra verður útfærð í aðalskipulagi hvers sveitarfélags. Texti í töflu 2 og á korti 11 verður yfirfarinn og lagfærður þannig að þetta sé skýrt.

Að mati Skipulagsstofnunar þarf við staðfestingu svæðisskipulagsins að liggja fyrir fastmótaðri stefna eða leiðsögn um hvert sveitarfélögin skuli beina meginþunga vaxtar til að skjóta styrkari stöðum undir samgöngumiðaða byggðaþróun og auka hlutdeild almenningssamgangna. Þetta gæti verið hluti fjögurra ára þróunaráætlunar sem liggja fyrir við staðfestingu svæðisskipulagsins.

Svar:

Svæðisskipulagsnefnd hefur hafið vinnu við að skilgreina legu Borgarlínu, sbr. aðgerð 2.2.1. Meginlínur hennar verða lagðar í þróunaráætlun 2015-2018 sem mun liggja fyrir við staðfestingu svæðisskipulagsins. Eins og Skipulagsstofnun bendir á þá er þjónusta almenningssamgangna lykilatriðið við að skilgreina samgöngumiðuð þróunarsvæði. Viðmiðið er sótt til Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA report 11/2013) og samkvæmt því eru nú þegar svæði sem geta talist samgöngumiðuð og tengjast núverandi strætókerfi.

Flugsamgöngur

Í umsögn Skipulagsstofnunar er sú athugasemd sett fram að „á meðan ekki liggur fyrir annað af hálfur ríkis og Reykjavíkurborgar en að miðstöð innanlandsflugs verði í Vatnsmýri til 2022 og ákvörðun liggur ekki fyrir um framtíð innanlandsflugs á höfuðborgarsvæðinu að þeim tíma loknum er að mati Skipulagsstofnunar ekki hægt að taka bindandi skipulagsákvörðanir um byggð á flugvallarsvæðinu“ Miðað við stöðu málsins telur Skipulagsstofnun að staðfesting svæðisskipulagstillögunnar í núverandi mynd feli ekki í sér skipulagsákvörðun um niðurlagningu innanlandsflugvallar í Vatnsmýri. Þegar tillaga eða ákvörðun um fyrirkomulag innanlandsflugs á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar liggja fyrir þurfi að fara með hana sem breytingu eða endurskoðun á svæðisskipulaginu, feli hún í sér að flugvöllur í Vatnsmýri verði lagður af og nýr flugvöllur byggður upp innan höfuðborgarsvæðisins.

Svar:

Svæðisskipulagstillagan leggur ekki til bindandi stefnu um staðbundna uppbyggingu en setur fram stefnu um að uppbygging þurfi að vera innan vaxtarmarka og sé beint á miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði. Stefnt er að því að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýri líkt og gert er í gildandi svæðisskipulagi og honum fundinn annar staður á höfuðborgarsvæðinu. Þegar fyrir liggja niðurstöður um framtíð og staðsetningu innanlandsflugs á höfuðborgarsvæðinu þá þarf að fara með það fyrirkomulag sem breytingu á svæðisskipulaginu eins og kemur fram í töflu 3. Á meðan niðurstaða þess ferlis sem nú er í gangi með stýrihópi ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group er ekki hægt að setja stefnuna nánar.

Skipulagsstofnun telur að áður en svæðisskipulagstillagan er endanlega afgreidd til gildistöku þurfi að bæta við umfjöllun um það hvaða áhrif mögulegur áframhaldandi flugrekstur í Vatnsmýri myndi hafa á framfylgd stefnu svæðisskipulagsins.

Svar:

Bætt verður við umfjöllun undir markmiði 1.2 um hvaða áhrif það mun hafa á byggðarþróun ef töf verður á að flugvöllurinn fara úr Vatnsmýri eða ef niðurstaðan verður sú að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Ef þessar aðstæður koma upp þá hefði það fyrst og fremst áhrif í Reykjavík en þar er rými innan vaxtarmarka til að taka við þessari uppbyggingu.

Hafnir

Skipulagsstofnun bendir á að skýrt þurfi að vera hvaða hafnir falli undir skipulagsákvæðanir svæðisskipulags svo ekki vakni spurningar um stöðu annarra hafnarsvæða og þá sérstaklega við Álfsnes-Kollafjörð og Gufunes sem eru ætluð fyrir hafnsækna starfsemi í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Einnig þurfi að vera ljóst hvaða þýðingu stefna svæðisskipulagsins hafi fyrir Hafnarfjörð en möguleiki á hafnarsvæði við Straumsvík hafi lengi verið til skoðunar í aðalskipulagi Hafnarfjarðar og sé í gildandi aðalskipulag skilgreint sem svæði þar sem skipulagi er frestað.

Svar:

Svæðisskipulagstillagan tekur til hafna sem eru í grunneti samkvæmt samgönguáætlun á hverjum tíma. Þær hafnir sem sýndar eru á þemakorti 5 og 11 eru hafnir sem eru hluti af því grunneti og munu nýjar hafnir sem tilheyra grunneti kalla á breytingu á svæðisskipulagi. Dregið verður skýrar fram á korti 5 og 11 hvað gildir um hafnir og bætt verður við texta undir markmiði 3.4. bls. 55 um hlutverk Reykjavíkurhafnar og Hafnarfjarðarhafnar sem hafnir í grunneti samkvæmt samgönguáætlun 2011-2022.

Göngu- og hjólastígar

Skipulagsstofnun telur að í svæðisskipulaginu þurfi að koma fram hvaða stofnleiðir göngu- og hjóleiða hafa svæðisbundið vægi og skuli innleiða í aðalskipulagi í samræmi við áform um aukna hlutdeild göngu- og hjóleiða og samspil ólíkra ferðamáta við styrkingu kjarna og annarra samgöngumiðaðra þróunarsvæða.

Svar:

Þær stofnleiðir göngu- og hjóleiða sem hafa svæðisbundið vægi eru sýndar á korti 3. Málsmeðferð skipulagsákvæðana um þessar leiðir fara í gegnum svæðisskipulagsnefnd skv. töflu 3.

Svæðisskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að að stofnleiðum muni fjölga á skipulagstímanum eftir því sem byggðin þróast. Nýjar stofnleiðir með svæðisbundið vægi verða skilgreindar í tengslum við gerð fjögurra ára þróunaráætlana. Þær verða bundnar í aðalskipulagi sveitarfélaga og fá um leið svæðisskipulagsstöðu skv. töflu 3.

Vatnsverndarsvæði

Skipulagsstofnun telur að forsendur séu til að skilgreina mannvirkjabelti um vatnsverndarsvæði í svæðisskipulaginu í stað þess að fresta því til síðari ákvörðunar með breytingu eða endurskoðun á svæðisskipulagi, í ljósi þess að á vatnsverndarsvæðinu í dag séu mannvirki á borð við vegi, raflínur, skíðasvæði og ferðamannasvæði (Þríhnúkar) og að fyrir liggi skipulagsáskvarðanir um legu nýrra háspennulína.

Svar:

Ekki er tímabært að skilgreina mannvirkjabelti til framtíðar. Nú er að ljúka verkefni um heildarendurskoðun vatnsverndar. Því verkefni verðu fylgt eftir með myndun samráðsvettvangs vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar. Á grunni starfs þess hóps mun svæðisskipulagsnefnd vinna að því að skilgreina mannvirkjabelti um vatnsverndarsvæðin líkt og kveðið er á um í aðgerð 4.4.5.

Þemakort

Skipulagsstofnun telur að nokkuð vanti á að hlutverk þemakorta og tengsl þeirra við stefnu svæðisskipulagsins sé skýrt. Sum kort séu sögð leiðbeinandi, önnur sýni núverandi stöðu og enn önnur sýni stefnu. Koma þurfi fram hvaða hvaða vægi kort nr. 7 og 8 sem sýna útivistarsvæði og verndarsvæði hafa fyrir vöxt byggðar og hvort kort nr. 11, sem sýnir landnotkun og megindrætti, hefur vægi umfram önnur kort.

Svar:

Farið hefur verið yfir hlutverk þemakorta og tengsl þeirra við stefnu svæðisskipulagsins og er gerð grein fyrir þeirri yfirferð í meðfylgjandi skjali. Eftirfarandi stutt yfirlit yfir helstu lagfæringar sem verða gerðar:

- *Texti um framsetningu svæðisskipulagstillögunnar í 1. og 3. kafla verður lagfærður þannig að samræmi sé á milli hans og skýrt sé vísað í töflu 3 sem fjallar um málsmeðferð stefnubátta svæðisskipulagsins eftir svæðisbundnu mikilvægi (sjá I. hluta hjálagðs fylgiskjals)*
- *Skýringartexti á þemakorti 11, sem sýnir megindrætti landnotkunar, verður lagfærður þanni að skýrt sé hvaða þættir á kortinu eru bindandi stefna, með tilvísun í viðeigandi markmið og töflu 3 (sjá I. hluta hjálagðs fylgiskjals).*
- *Tafla 3 verður lagfærð þannig að hún tilgreini einungis þá þætti (efnisatriði) sem mörkuð er stefna um í svæðisskipulaginu og vísað verður til viðeigandi markmiða og tilheyrandi texta á eftir hverjum þætti.*
- *Við öll þau þemakort og skýringarmyndir sem lýsa skipulagsþáttum sem taldir eru upp í töflu þrjú verður bætt við eftirfarandi í skýringartextann:*

„Við útfærslu "upptalning skipulagsþátta" í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafli.“

- Skýringartexti þemakorta verður lagfærður þannig að skýrt sé hvort viðkomandi kort sýnir stöðu eða stefnu (sjá II. hluta hjálagðs fylgiskjals).
- Farið verður yfir heiti skýringarmynda og skýringartexta þeirra og gerðar lagfæringar (sjá III. hluta hjálagðs fylgiskjals)

Fylgigögn

- i. Fylgiskjal um framsetningu, þemakort og skýringarmyndir



Framsetning, þemakort og skýringarmyndir

Fylgiskjal með tillögu að svörum við umsögn Skipulagsstofnunar um auglýsta tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins

Í þessu skjali er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemd Skipulagsstofnunar um að nokkuð vanti á að hlutverk þemakorta og tengsl þeirra við stefnu svæðisskipulagsins sé skýrt.

Í fyrsta hluta skjalsins er farið yfir framsetningu svæðisskipulagstillögunnar og hlutverk þemakorta almennt og bent á það sem mætti skýra. Tillögur að lagfæringum eru með **rauðu letri**.

Í öðrum hluta skjalsins er farið yfir hvert og eitt þemakort og hlutverk þess skýrt og lagðar til lagfæringar eftir því sem við á. Þar tákna **rauður texti** tillögur að breytingum.

Í þriðja hluta skjalsins er farið yfir skýringarmyndir og hlutverk þeirra skýrt og lagðar til lagfæringar eftir því sem við á. Þar tákna **rauður texti** tillögur að breytingum.

I. Um framsetningu svæðisskipulagstillögunnar, þemakort 11 og töflu 3

Almennt um framsetningu

Fjallað er um framsetningu tillögunnar á nokkrum stöðum í greinargerð og eru hér lagðar til nokkrar lagfæringar til að skýra framsetninguna enn frekar.

Í 1. kafla undir yfirskriftinni „Hvernig er Höfuðborgarsvæðið 2040“ frábrugðið eldra skipulagi? segir á bls. 12:

„Höfuðborgarsvæðið 2040 mun ekki fjalla um einstakar framkvæmdir né útfærða nákvæmlega staðsetningu ákveðinnar landnotkunar. Slíkar ákvarðanir eru settar fram og útfærðar í aðalskipulagi sveitarfélaganna sem skulu vera í samræmi við stefnumarkandi áherslur Höfuðborgarsvæðisins 2040. Nánari umfjöllun um tengsl við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 er í 5. kafla.“

Tillaga að lagfæringu: „Slíkar ákvarðanir eru settar fram og útfærðar í aðalskipulagi sveitarfélaganna sem skulu vera í samræmi við stefnumarkandi áherslur Höfuðborgarsvæðisins 2040, **sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.**“

Í 1. kafla undir yfirskriftinni „Hvernig ber að túlka Höfuðborgarsvæðið 2040?“ segir á bls. 13:

„Í Höfuðborgarsvæðinu 2040 eru skipulagsþættir sem hafa mikið svæðisbundið gildi festir í svæðisskipulagi og breyting á þeim kallar á breytingu á svæðisskipulagi ef vikið er frá þeim. Um aðra skipulagsþætti er mörkuð almenn stefna og útfærslu vísað til aðalskipulagsáætlana sveitarfélaganna. Það verður mat svæðisskipulagsnefndar í hverju tilfelli hvort breytingar á almennri stefnu eru í samræmi við svæðisskipulag eða kalla á breytingu á því. Mat svæðisskipulagsnefndar byggir á samræmi tillögunnar við stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 og þá skipulagsþætti sem eru festir í svæðisskipulagi annars vegar og mótuð er almenn stefna um hins vegar (tafla 3).“

Tillaga að lagfæringu: „Mat svæðisskipulagsnefndar byggir á samræmi tillögunnar við stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 og þá skipulagsþætti sem eru festir í svæðisskipulagi annars vegar og mótuð er almenn stefna um hins vegar. *Sjá nánar töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.*“

Í 3. kafla undir yfirskriftinni „Stefna höfuðborgarsvæðisins 2040“ segir:

„Stefnan er sett fram í texta, á skýringarmyndum og með þemakortum sem ekki eru eiginlegir skipulagsupprættir. Við túlkun stefnunnar og samræmingu við aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna skal taka mið af þeim skipulagsþáttum sem eru festir í svæðisskipulagi og þeim sem mótuð er almenn stefna um, sbr. töflu 3 og umfjöllun um innleiðingu í kafla 4.“

Tillaga að lagfæringum:

„Stefnan er sett fram í texta (*með leiðarljósum, markmiðum og aðgerðum*), á skýringarmyndum og með þemakortum sem ekki eru eiginlegir skipulagsupprættir. *Áherslur sem koma fram í texta undir leiðarljósum og markmiðum teljast einnig til stefnu.*“

„Við túlkun stefnunnar og samræmingu við aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna skal taka mið af þeim skipulagsþáttum sem eru festir í svæðisskipulagi og þeim sem mótuð er almenn stefna um, *töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.*“

Um þemakort nr. 11 yfir meginrætti landnotkunar segir á bls. 79:

„Meginrættir landnotkunar eru settir saman á þemakort til að gera áherslur Höfuðborgarsvæðisins 2040 sem sýnilegastar. Ekki er um eignlegan skipulagsupprátt að ræða en sveitarfélögin skulu hafa meginrætti landnotkunar til hliðsjónar við mótun skipulagsáætlana, sérstaklega m.t.t. staðsetningar kjarna.“ Neðan við þennan texta er síðan tilgeind atriði varðandi vaxtarmörk, kjarna og einstaka landotkunarflokka og eru hér lagðar til nokkrar breytingar á þeirri upptalningu.

Tillaga að lagfæringum:

„*Meginþættir landnotkunarstefnu svæðisskipulagsins og stefnu um grunngerð eru hér dregnir saman á eitt þemakort til að sýna samspil þeirra og gefa heildarmynd. Um þessa meginþætti gildir eftirfarandi en málsmeðferð vegna þessara þátta er nánar lýst í töflu 3 í 4. kafla:*

- *Afmörkun vatnsverndar er bindandi, sbr. samþykkt um vatnsvernd dags. xxxx. Nákvæm mörk eru í kortagrunni svæðisskipulagsins. Sjá markmið 4.4, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.*
- *Vaxtarmörk eru 50 m belti sem er bindandi og skal lega markanna skilgreind nánar í aðalskipulagi. Nákvæm mörk beltisins eru í kortagrunni svæðisskipulagsins. Sjá markmið 1.1, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.*
- *Þar sem vaxtarmörk mæta takmörkunum á landnotkun, t.d. vatnsvernd eða friðlýstum svæðum, skal taka mið af þeim takmarkandi mörkum við skilgreiningu á legu markanna í aðalskipulagi. Sjá markmið 1.1 og 4.2, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.*
- *Lega og stigskipting kjarna er bindandi (sbr. staðarlýsingu í töflu 2) en nánari afmörkun þeirra skal útfærð í aðalskipulagi. Sjá markmið 1.2, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.*
- *Svæðisskipulagstillagan tekur til hafna sem eru í grunnneti samkvæmt samgönguáætlun á hverjum tíma. Sjá markmið 3.1, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.*

- *Staðsetning orkufreks iðnaðar sem tengist flutningskerfi landsnets er bindandi en afmörkun svæðanna er nánar útfærð í aðalskipulagi. Sjá markmið 3.1, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.*
- *Afmörkun annarrar landnotkunar sem sýnd er á kortinu, þ.e. einstakra þéttbýlisreita innan vaxtarmarka, dreifbýlis og svæða náttúru og útivistar, fer fram í aðalskipulagi út frá viðeigandi markmiðum þessa svæðisskipulags. Sjá t.d. markmið 1.1, 1.3, 3.1, 4.1, 4.2, 4.3, 4.4, 5.1, 5.2, tilheyrandi texta og töflu 3 í 4. kafla.*
- *Lega núverandi stofnvega (meginstofnvega og stofngatna) er bindandi. Sjá markmið 2.3 og 2.4, tilheyrandi texta. Þessir stofnvegir og nýir sem skilgreindir verða sem hluti af grunnneti samgagna í samgönguáætlun aðalskipulagi kalla á sérstaka málsmeðferð, sjá töflu 3 í 4. kafla.*

Um töflu 3:

Í töflu 3, bls. 89 í 4. kafla er tilgreint hvaða málsmeðferð einstakir skipulagsþættir/viðfangsefni fá eftir því hvert svæðisbundið mikilvægi þeirra er. Taflan er í kjölfar kafla sem hefur heitið „Innleiðing í skipulagsáætlanir“ og heiti töflunnar er „Endurskoðun og breyting“.

Tillaga að lagfæringum:

- Heiti töflunnar verði breytt í „*Málsmeðferð einstakra þátta svæðisskipulagsins eftir svæðisbundnu mikilvægi*“.
- Taflan tilgreini einungis þá þætti/viðfangsefni (efnisatriði) sem mörkuð er stefna um í svæðisskipulaginu og vísað sé til viðeigandi markmiða og tilheyrandi texta á eftir hverjum þætti.
- Skýrt sé hver er stefna svæðisskipulagsins varðandi hvern þátt þannig að ljóst sé í hverju breyting felst.

II. Hlutverk og skýringartexti þemakorta

Nr. og heiti korts	Hlutverk korts	Núverandi skýringartexti	Tillaga að nýjum skýringartexta og/eða aths.
1. Sveitarfélög sem mynda höfuðborgarsvæðið bls. 15	Skýringarkort sem sýnir skipulagssvæðið og hvaða sveitarfélög standa að svæðisskipulaginu; mörk þeirra og legu.	Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 nær yfir allt landsvæði sveitarfélaganna. Sveitarfélagamörk eru byggð á grunni Landmælinga, óvissa ríkir um legu þeirra á vissum stöðum.	Tillaga: Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 nær yfir allt landsvæði sveitarfélaganna. Sveitarfélagamörk eru byggð á grunni Landmælinga Íslands, en óvissa ríkir um legu þeirra á vissum stöðum.
2. Kjarnar og vaxtarmörk bls. 29	Skýringarkort með markmiði 1.1 og undirmarkmið þess sem fjalla um vaxtarmörk og eftirfylgni með þeim. Einnig með markmiði 1.2 um kjarna og 1.2.4 um útfærslu á staðsetningu og afmörkun kjarna og samgöngumiðaðara þróunarsvæða. <i>Staðsetning kjarna er bindandi en afmörkun þeirra er útfærð í aðalskipulagi.</i>	Dreifing og stigskipting miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu. Nákvæm staðsetning miðkjarna er útfærð í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga. Vaxtarmörkin eru bindandi og á allt þéttbýli ða þróast innan þeirra til ársins 2040.	Aths: Skýrara komi fram að fjöldi, stigskipting og gróf staðsetning kjarna er bindandi stefna, bæði í texta markmiða og texta með mynd, með tilvísun í töflu 3 í 4. kafla og þemakort af megindrátum landnotkunar. Aths: Setja mætti inn heiti á töflu 1, bls. 32, t.d. „Viðmið um skiptingu uppbyggingar á kjarna og samgöngumiðað þróunarsvæði.“ Aths: Setja mætti inn heiti á töflu 2, bls. 34, t.d. „Við útfærslu stofnleiða göngu- og hjólareiða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 2 hér að aftan og töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla“
3. Hjólreiðastígar og tíðni strætisvagna bls. 43	Skýringarkort með markmiði 2.2 um aukna hlutdeild almenningssamgangna og 2.3 um aukna hlutdeild göngu- og hjólareiða. Kortið sýnir megin göngu- og hjólaleiðir og stoppistöðvar árið 2014 í samhengi við stefnu um landskjarna, svæðiskjarna og bæjarkjarna.	Kortið er eingöngu til skýringar. Sýndar eru helstu göngu og hjólaleiðir og valdar stoppistöðvar strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu 2014. Stefna höfuðborgarsvæðisins 2040 er að stórauka hlutdeild vistvanna samgöngukerfa.	Tillaga: Breyta „&“ í „og“ í heiti myndar. Tillaga: Nýr skýringartexti: „Kortið sýnir þær stofnleiðir göngu- og hjólareiða sem hafa svæðisbundið vægi og eru virkar árið 2014. Svæðisskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að að stofnleiðum muni fjölga á skipulagstímanum eftir því sem byggðin þróast. Til stofnleiða göngu- og hjólareiða flokkast einnig stígur yfir Fossvog sem er í aðalskipulagsáætlunum Reykjavíkur og Kópavogs. Nýjar stofnleiðir með svæðisbundið vægi verða skilgreindar í tengslum við gerð fjögurra ára þróunaráætlana. Við útfærslu stofnleiða göngu- og hjólareiða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.“
4. Stofnvegir bls. 47	Skýringarkort með markmiði 2.4 um greiða og örugga umferð um meginstofnvegi.	Kortið sýnir meginhugmynd um legu meginstofnvega. Nánari afmörku er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga, í samstarfi við Vegagerðina.	Tillaga: Nýtt kort: Sbr. drög að samkomulagi við Vegagerðina, fylgiskjal 2. Tillaga: Textabreytingar tillögu: Megintexti og aðgerðir markmiðs 2.4 verður yfirfarinn og orðalag samræmt við fylgiskjal 2 með samkomulagi við Vegagerðina. Tillaga: Nýr skýringartexti: „Kortið sýnir þá stofnvegi sem eru í grunnneti samgangna skv. samgönguáætlun 2011-2022 og skiptingu þeirra í meginstofnvegi og stofngötur. Nánari

			lega þeirra er ákveðin í aðalskipulagi sveitarfélaga, í samstarfi við Vegagerðina. Til stofnvega flokkast einnig eftirtaldir vegir sem eru í aðalskipulagsáætlunin sveitarfélaga: Sundabraut, ofanbyggðarvegur sem meginstofnvegir, Öskjuhlíðagöng og Kópavogsgöng sem stofngötur. Við útfærslu meginstofnvega og stofngatna í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.“
5. Atvinnusvæði og kjarnar bls. 53	Skýringarkort með markmiði 3.1 um markvisst skipulag sem samþættir skilvirkar samgöngur og eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði.	Kortið dregur fram stefnu um uppbyggingu miðkjarna sem eiga að stuðla að eftirsóknarverðum atvinnusvæðum um allt höfuðborgarsvæðið. Beina á uppbyggingu verslunar og þjónustu á miðkjarna. Innan landkjarnans er stefnt að markvissri uppbyggingu miðstöðvar þekkingar og nýsköpunar. Nánari afmörkun atvinnusvæða er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga.	Tillaga: Texti um landskjarna á kortinu á sér ekki samsvörun í töflu 2 og ekki í markmiðum í meginþexta. Í töflu 2 segir „Miðborgin er miðstöð fyrir landið í heild, þar eru helstu stjórnýs-, mennta- og menningarstofnanir landsins.“ Ekki er minnst á nýsköpun eins og í skýringartexta með korti 5 og verði því bætt því inn í töflu 2. Bætt verði við eftirfarandi setningu í lok skýringartexta: „Við útfærslu hafna í grunnneti og svæða fyrir orkufrekan iðnað í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.“
6. Umhsvif á suðvesturhorninu bls. 56	Skýringarkort með markmiði 3.2 um að sveitarfélög á sv-horninu efla samstarf um byggðaþróun.	Enginn skýringartexti er með kortinu.	Tillaga: Breyta heiti í „Megin grunnkerfi og atvinnusvæði á suðvesturhorninu“ Bæta við skýringartexta, t.d. „Horfa þarf heildstætt á samspil höfuðborgarsvæðisins við suðvesturhornið.“ (þessa setningu er að finna í meginþexta á bls. 55) Í samræmi við óformlega bendingu frá Ölfusi verður virkjunum bætt inn á kortið. Breyta þarf skilgreiningu á Hamraneslínu og setja inn umfjöllun um að leggja eigi hana niður skv. aðalskipulagi.
7. Náttúra og útivist bls. 61	Skýringarkort með markmiði 4.1 um fjölbreytt útivistarsvæði sem hvetja til hreyfingar, náttúruupplifunar og félagslegra samskipta. Einstök útivistarsvæði eru ekki tilgreind.	Náttúru- og útivistarsvæði sem hafa þýðingu fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Nánari afmörkun náttúru- og útivistarsvæða er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga.	Tillaga: Textabreytingar tillögu: Meginþexti á bls. 60 verður yfirfarinn og orðalag/stíll lagfærður svo að ljósara sé að hann lýsi áherslum/stefnu. Bætt verði við eftirfarandi setningu í lok skýringartexta: „Við útfærslu græna trefilsins, grænna geira, borgargarða, græna stígsins og strandstígsins, í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.“
8. Verndarsvæði bls. 64	Skýringarkort með markmiði 4.2 um að verndarsvæði verði styrkt og gerð aðgengilegri. Einstök verndarsvæði eru ekki tilgreind.	Á kortinu eru svæði sem njóta friðunar og/eða verndar árið 2014. Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 er að samræma aðgerðir sveitarfélaga á verndarsvæðum.	Til að skýra skipulagsstöðu hverfisverndarsvæða og fólkvanga verði þeim þáttum bætt við töflu 3 um málsmeðferð. Bætt verði við eftirfarandi setningu í lok skýringartexta:



			„Við útfærslu friðlýstra svæða og hverfisverndar í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafli.“
9. Fjallahringir bls. 67	Skýringarkort með markmiði 4.3 um að tækifæri til útivistar og ferðaþjónustu innan fólkvanga og fjallahrings höfuðb.sv. verði nýtt frekar.	Kortið dregur fram þau tækifæri sem felast í að nýta betur uppland höfuðborgarsvæðisins og fjallahringinn til ferðamennsku.	Tillaga: Breyta skýringartexta í „Mögulegar útivistarleiðir um fjallahring höfuðborgarsvæðisins.“
10. Vatnsverndarsvæði bls. 71	Skýringarkort til markmiði 4.4 um hreint drykkjarvatn og markvissa vernd vatnsbóla.	Kortið sýnir áætlaða staðsetningu verndarsvæða. Nákvæm lega er geymd á kortagrunni hjá SSH. Sveitarfélögin innleiða vatnsverndarsvæðin í sitt aðalskipulag. Gildistaka á breyttum svæðum í Mosfellsdal verði þremur árum eftir staðfestingu og Mosfellsbæ verði þannig veitt nauðsynlegt svigrúm til að vinna viðbótarathuganir sem varða framtíðar vatnstöku sveitarfélagsins og ákvörðun um hvort vatnstöku verði framhaldið þar.	Tillaga: Breyta <u>byrjun</u> skýringartexta í „Afmörkun vatnsverndar er bindandi sbr. samþykkt um vatnsvernd dags. xxxx. Nákvæm mörk eru í kortagrunni svæðisskipulagsins.“ Bætt verði við eftirfarandi setningu í lok skýringartexta: „Við útfærslu vatnsverndarsvæða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafli.“
11. Landnotkun megindrættir bls. 79	<i>Kortið sýnir hvaða landnotkunarákvarðanir eru bindandi og hverjar eru leiðbeinandi.</i>	Megindrættir landotkunar eru settir fram á þemakorti til að gera áherslur Höfuðborgarsvæðisins 2040 sem sýnilegastar. Ekki er um eiginlegan skipulagsupprátt að ræða en sveitarfélögin skulu hafa megindrætti landnotkunar til hliðsjónar við mótun aðalskipulagsáætlana, sérstaklega m.t.t. staðsetningar kjarna.	Sjá breyt.tillögur fremst í þessu skjali.

II. Hlutverk og skýringartexti skýringarmynda

Bls.tal	Hlutverk myndar	Heiti myndar og núverandi skýringartexti	Tillaga að nýjum skýringartexta og/eða aths.
26	Skýringarmynd til útskýringar á stefnu sem lýst er í leiðarljósi 1 um miðkjarna, samgöngumiðuð þróunarsvæði og samgöngu- og þróunarsvæði.	Heiti: Vantar. Texti: Samgöngu- og þróunarsvæði er hryggjarstyckið í nýju svæðisskipulagi og tengir sveitarfélögin saman. Kjarnar og þróunarsvæði við hann munu njóta nútíma almenningsamganga og bjóða upp á eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði.	Tillaga: Bæta inn heiti, t.d. „Samgöngu- og þróunarsvæði“ [Rauð lína] Samgönguás [Rauður punktur] Biðstöð í miðjarna [Ljósul svæði] Þróunarsvæði, þéttust næst kjarna [Dökkul svæði] Miðkjarnar Bætt verði við eftirfarandi setningu í lok skýringartexta: „Við útfærslu samgöngu- og þróunarsvæða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafli.“
31	Skýringarmynd til útskýringar á markmiði 1.2 um kjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði.	Heiti: Samgöngu- og þróunarsvæði Texti: Meðfram nýju hágæða almenningsamgöngukerfi, Borgarlínu, myndast þétt, blönduð byggð. Þessi byggðarlína nefnist samgöngu- og þróunarsvæði. Mesti þéttleiki byggðarinnar er í kjörnum og við biðstöðvar. Önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði geta myndast utan við samgöngu- og þróunarsvæði þar sem strætó er m eð hátt þjónustustig.	Tillaga: Breyta heitinu í „Miðkjarnar og samgöngumiðuðu þróunarsvæði“ þar sem myndin er að útskýra markmið 1.2 sem fjallar um þetta. Bætt verði við eftirfarandi setningu í lok skýringartexta: „Við útfærslu samgöngu- og þróunarsvæða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafli.“
36	Skýringarmynd til útskýringar á leiðarljósi 2 um skilvirkar samgöngur.	Heiti: Vantar. Texti: Almenningsamgöngur mynda tveggja laga kerfis sem léttir á stofnvegakerfinu og styrkir uppbyggingu kjarna og þróunarsvæða.	Tillaga: Bæti inn heiti, t.d.: „Skilvirkt samgöngukerfi“.
45	Skýringarmynd til útskýringar með markmiði 2.3 og undirmarkmiða þess, en þau fjalla um viðmið fyrir útfærslur göngu- og hjólaleiða.	Heiti: Bætt sambúð byggðar og umferðar. Texti: Götuumhverfið í miðkjörnum þarf að styðja við alla ferðamáta. Við hönnun og útfærslu miðbæjargatna er mikilvægt að leggja áherslu á öruggt umhverfi sem styður við iðandi mannlíf.	Tillaga: Breyta heiti myndar í „Götur fyrir alla ferðamáta“.
50	Skýringarmynd til útskýringar á leiðarljósi 3 um kjarna með nútíma samgöngum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi um alla borgarbyggðina. Einnig með markmiði 3.1 að bæta alþjóðlega samkeppnisstöðu með skipulagi sem samþættir skilvirkar samgöngur og eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði.	Heiti: Vantar. Texti: Höfuðborgarsvæðið sem eitt markaðs- og atvinnusvæði. Atvinnustarfsemi nýtur góðs af nýju hágæðakerfi sem einfaldar ferðamáta. Svæðið býður upp á fjölbreytt umhverfi fyrir ólíkar þarfir atvinnulífsins.	Tillaga: Bæta inn heiti, t.d.: „Samþætting skilvirkra samganga og eftirsóknarverðra uppbyggingarsvæða“ (sbr. orðlag í markmiði 3.1, sjá 2. dalk hér til hliðar)
58	Skýringarmynd með leiðarljósi 4 um vef útivistarsvæða þar sem „Grænn vefur dregur fram sérkenni landslags og tengir bláþráð strandlengjunnar og Grænan trefil í jaðri borgarbyggðar.“	Heiti: Vantar. Texti: Strandlengjan, grænir geirar og Græni trefillinn opna á samfelldar útivistarleiðir um byggðina sem eru öllum aðgengilegar.	Tillaga: Bæta inn heiti, t.d.: „Vefur útivistarsvæða inn í byggðinni og á jaðri hennar.“ Tillaga: Breyta orðanotkun í leiðarljósi 4 þannig að í stað „Grænn vefur dregur fram ... og tengir ...“ verði „Grænir geirar draga fram ... og tengja ...“. Það er í samræmi við skýringartexta við myndina á bls. 58 sem tilgreinir strandlengjuna, greina geirar og græna trefillinn sem þræðina í vef útivistarsvæða. Til samræmis við orðalag í leiðarljósi 4 mætti svo líka segja „Bláþráður strandlengjunnar“ í stað „Strandlengjan“.
72	Skýringarmynd með leiðarljósi 5 um uppbyggingu þjónustukjarna,	Heiti: Vantar.	Tillaga: Bæta inn heiti, t.d.: „Gott nærumhverfi eykur gæði borgarbyggðarinnar“



	nútíma almenningssamgöngukerfis, góð almenningsskýring og fjölbreyttan húsnæðismarkað.	Texti: Höfuðborgarsvæðið er samsett úr ólíkum einingum sem tengjast saman innbyrðis og mynda sterka heild. Innan þeirra geta íbúar sótt viðeigandi húsnæði, gæði og þjónustu. Hryggjarstyrkki svæðisins er samgöngu- og þróunarás.	
75	Skýringarmynd með markmiði 5.1 um 20 mín hverfi.	Heiti: 20 mínútna hverfið. Texti: Innan 20 mínútna hverfisins verður gott framboð af fjölbreyttum húsakosti og öll helsta þjónusta. Miðað verður við að íbúar eigi ekki lengra að sækja í kjarna en sem nemur tuttugu mínútna göngu. Nærþjónustan dreifist víðar svo að íbúar eiga kost á nauðsynlegustu þjónustu eins og leikskóla, grunnskóla, íþrótt- og atvinnustarfsemi og matvöruverslun inni 5-10 mínútna göngufjarlægðar.	Engar aths/tillögur.
86	Skýringarmynd með markmiði 6.1 um virkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins	Heiti: Ferli fjögurra ára þróunaráætlana. Texti: Með fjögurra ára þróunaráætlunum samræma sveitarfélögin uppbyggingaráform sín við áætlaða mannfjöldaþróun.	Engar aths/tillögur.